


Alls konar alveg

Orðið *alveg* er alþekkt enda með þeim algengustu. Það virðist þó vera tiltölulega ungt í málinu því að elsta örugga dæmið sem fundist hefur er frá því um 1800. Þetta dæmi er í hinum vinsælu Stellanum Sigurðar Péturssonar (1759–1827), skálds, leikritahöfundar og sýslumanns:


Tekur að syfja tróður klyfja Grana,
bannar gríma [= nótt] gleðskap meir
gengin ríma **alveg** deyr.

Nú á dögum er *alveg* langalgengasta orðið í merkingunni 'algerlega', 'fullkomlega', eins og sjá má á eftirfarandi mynd en hún sýnir fjölda dæma um *alveg* og nokkur samheiti þess í *Risamálheildinni* (2022):



Fjöldi dæma um *alveg* og ýmis samheiti orðsins í *Risamálheildinni* (2022).

Þessir yfirburðir orðsins eru ekki *alveg* nýtilkomnir. Á síðari hluta 19. aldar jukust vinsældir *alveg* mjög hratt eins og sjá má á eftirfarandi mynd en hún sýnir fjölda dæma um *alveg* og nokkur samheiti orðsins í blöðum frá 19. öld.



Fjöldi dæma í blöðum frá 19. öld um *alveg* og ýmis samheiti (Tímarit.is).

Fá dæmi eru um öll orðin framan af tímabilinu enda er textamagnið heldur rýrt. En þegar upp úr 1860 fer *alveg* að sækja í sig veðrið. Í lok aldarinnar ber það síðan höfuð og herðar yfir samheitin.

Næstalgengasta orðið á myndinni er *algerlega*, *algjörlega* sem rís nokkuð. Dæmum um önnur orð fjölga vissulega líka en það skýrist af vaxandi efnismagni á tímabilinu. Dæmi eru í blöðum um öll orðin nema *alveg* frá því fyrir 1840 (allt frá einu dæmi og upp í 79). Elsta dæmið um *alveg* í blöðum er frá 1846 svo að framgangur orðsins er býsna hraður.

Orð verður til

Talið hefur verið að orðið sé nýmyndun, upprunnin í talmáli. En einnig er hugsanlegt að orðið hafi verið tilbúningur lærðra manna, ef til vill sett saman til höfuðs tveim orðum, *aldeilis* og *allagutu*. Fyrri orðið er tökuorð (sem barst í málið úr dönsku á 17. öld, *aldeles*) og kann af þeim sökum að hafa verið illa séð á tímum rómantíkur og hreitungustefnu. Síðara orðið, *allagutu*, er afbökun úr *alla götu*, *allar götur*, sem nú er einkum notað í tímasamböndum á borð við *allar götur síðan*. Áður fyrr hafði *alla götu*, *allar götur* mun víðara notkunarsvið, eins og sjá má af eftirfarandi dæmi úr orðabók Sigfúsar Blöndals: *sá allar götur í austri nokkra dranga* ?sá *alveg* í austri ...'. Eggert Ólafsson (1726–1768) virðist hafa amast við framburðinum sem ritmyndirnar *allagutu* (*alla gutu*) endurspeglar. Svo kann að hafa verið um fleiri málsmetandi menn og hugsanlega var *alveg* beinlínis myndað til að koma í staðinn; síðari hlutinn -veg hefur sömu merkingu og *gata* og nýmyndunin *alveg* hefur því legið beint við.

Lipurð og sveigjanleiki

Merkingartilbrigði og hlutverk *alveg* eru í nútímamáli talsvert fleiri en ráða má af orðabókum. Orðið samsvarar vissulega oftast atviksorðum á borð við *algerlega* og *gersamlega* að merkingu. En oft samsvarar það frekar *mjög*, *talsvert*, *hæglega* og að *minnsta kosti*, allt eftir samhengi, eins og hér má sjá dæmi um:

Dæmi um *alveg* í samhengi

Merking *alveg*

Mér finnst **alveg** sorglegt þegar að fólk sýnir ekki áhuga á börnunum sínum

?mjög'

svo fer ég líka **alveg** oft í Bústaði félagsmiðstöðina okkar þú getur **alveg** keypt þér síma á tuttugu þúsund

?talsvert, nokkuð'

Þetta er vægast sagt stórsýning því að við erum með **alveg** hundrað manns á sviði.

?hæglega, auðveldlega'

?að minnsta kosti'

Alveg er iðulega greint sem atviksorð í orðabókum. Þó kemur það stundum fyrir í stöðu lýsingarorðs: *það var alveg logn, þú ert alveg met, þetta var alveg hryllingur*. Hér mætti í öllum tilvikum hafa lýsingarorðið *alger* í staðinn (*algert logn, algert met, alger hryllingur*). Loks getur *alveg* verið það sem kallað er á íslensku orðræðuögn (e. *discourse particle*). Slík orð, sem eru oft upphaflega atviksorð, bera ekki eiginlega merkingu heldur gegna þau fremur tilteknum hlutverkum í samræðum og oft má sleppa þeim án þess að merking raskist. Sem dæmi um orðræðuagnir má nefna *sko*, *ha* og *þúst* (< *þú veist*). Orðræðuagnir hafa margvíslegan tilgang. Sumar þeirra eru t.d. notaðar sem hikorð, þ.e. orð sem mælandi grípur til þegar hann reynir að vinna sér tíma í samræðum. Greina má þrjú mismunandi hlutverk *alveg* sem orðræðuagnar:

Dæmi um *alveg* í samhengi

Hlutverk *alveg* sem orðræðuagnar

ég hlusta **alveg** á útvarp en ég geri það samt sjaldan

dempun

og hún **alveg**: „ertu eitthvað bilaður?“

merki um beina ræðu

það var **alveg** frekar gaman

hik

Í fyrsta dæminu kemur *alveg* fram sem nokkurs konar dempun sem stendur þá í sambandi við andmæli sem fylgja (í dæminu hér markast þessi andmæli af tengingunni *en*). Í næsta dæmi er *alveg* notað til að láta áheyranda vita að nú komi tilvitnun í einhvern annan, þ.e. bein ræða. *Bara* er oft notað í sama tilgangi: *og hún bara*: „ertu eitthvað bilaður?“. Í þriðja dæminu notar mælandinn *alveg* væntanlega til að vinna sér tíma, hann fær með þessu örlítið tóm til að ákveða hvað hann segir næst.

Alveeg

Fjölbreytni orðsins *alveg* snýst ekki eingöngu um merkingu og hlutverk heldur líka framburð. Stundum er lögð mikil áhersla á síðara atkvæðið og þá teygist á e-inu: *alveeg*. Þessi framburður varð talsvert útbreiddur í kjölfar þess að nöldurseggurinn Indriði kom fram á sjónarsviðið í gamanþáttunum Fóstbræðrum sem sýndir voru á Stöð 2 um og upp úr aldamótum. Indriða var tamt að bera *alveg* fram með þessum hætti.

Vinsældir Indriða urðu slíkar að framleidd var sérstök spiladós þar sem heyra mátti í honum. [Hér](#) má sjá Jón Gnarr fá í hendur fyrsta Indriða-hnappinn:

Heimildir

Katrín Axelsdóttir. 2025. Allavega *alveg*. [Orð og tunga 27:1–30](#).

Risamálheildin. 2022. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. malheildir.arnastofnun.is (sótt í október 2024).

Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.

Sigurður Pétursson. 1844. *Ljóðmæli Sigurðar Péturssonar*. Reykjavík.

Sørensen, Preben Meulengracht. 1977. Alveg. *Opuscula* 2 (2):245–253. Bibliotheca Arnamagnæana 25 (2).

Tímarit.is. [Án ártals.] Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. timarit.is (sótt í september 2024).

Mynd

Katrín Axelsdóttir er prófessor í íslensku sem öðru máli. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði málsögu.